




Miklar breytingar í Mið- og Vesturborginni



Íbúðarhúsin við Austurbakka eru hluti af þeim umfangsmiklu breytingum sem sjá má í Mið- og Vesturborginni.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á Mið- og Vesturborginni að undanförunu. Svo miklar að mörg svæði eru nær óþekkjanleg frá því sem var. Mestu breytingarnar eru í nágrenni Austurhafnarinnar og við Tryggvagötu. Á Hafnartorginu hafa risið stórar byggingar þar sem íbúðum og verslunarstarfsemi er blandað saman. Hverfisgata hefur verið reist

úr rústum og endurbyggð að verulegu leyti. Nú er unnið að nýbyggingu við Lækjargötu og á hinum umdeilda Landsímareit. Í viðtalið hér í blaðinu ræðir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur þessa þróun. Hún bendir m.a. á uppbyggingu sem er að hefjast á Héðinsreitnum vestast í Vesturbænum. Hún segir að Félagsbústaðir séu

með forkaupsrétt að ákveðnum fjölda þeirra eins og víðar sem sé hugsað fyrir fólk sem hefur lítið á milli handa og á erfitt með að fóta sig í fasteignakaupum. Einnig er gert ráð fyrir hótelfarstarfsemi og atvinnuhúsnæði fyrir fleiri þjónustugreinar ekki síst verslun og veitingastarfsemi. Hún segir skipta máli fyrir þróun borgarinnar og raunar allra sveitarfélaga að allir þjóðfélagshópar geti lifað og

starfað hlið við hlið og verkefnið á Héðinsreitnum sé dæmi um vegvísi inn í þá hugmyndafræði. Hún ræðir einnig um stóru umferðaræðarnar og segir að létta þurfi mesta umferðarpunganum af þeim. Hringbrautin hafi breyst mikið. Eins og hún sé orðin í dag komi mikill hávaði og loftmengun frá henni. Hún hafi mikil áhrif á Vesturbæinn sem ekki voru séð fyrir þegar hún var lögð – og jafnvel ekki fyrir nokkrum árum. Breytingin hefur orðið svo hröð.

Sjá viðtal á bls. 4 og 5.



Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau: 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Helgartilboð!

- helgina 21. - 24. mars
- meðan birgðir endast

Lambalæri
Lambahryggir
Lamba Prime-Rib



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

3. tbl. 22. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Malasískt stórfyrirtæki vill byggja hótél á Miðbakka



Miðbakki Reykjavíkurhafnar og gamla Ríkisskipshúsið. Á þessu svæði vill malasískt stórfyrirtæki hefja fjárfestingar og þar á meðal hótélbyggingu.

Dótturfélag fyrirtækjasamsteypu að nafni Berjaya Corporation vill festa kaup á húseigninni við Geirsgötu 11 á Miðbakka gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Söluverð er samkvæmt heimildum allt að 14 milljónir dala eða 1.670 milljónir íslenskra króna. Um er að ræða gamla vöruskemmu er lengi hýsti vöruafgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins meðan hún var og hét. Frá því að starfsemi hennar var lögð niður var Fiskverkun Jóns Ásbjörnssonar þar til húsa um tíma en á síðari árum hefur húsnaðið lítið verið notað og þá einkum fyrir geymslustarfsemi. Húsið er í dag í eigu Útgerðarfélag Reykjavíkur, áður Brim og félagsins Fiskitanga sem eru að stærstum hluta í eigu Guðmundar Kristjánssonar útgerðarmanns og forstjóra HB Granda.

Á undanförunum árum hafa forsvarsmenn Brim nú Útgerðarfélags Reykjavíkur og norrænu arkitektastofunnar PkdM arkitektu lagt fram og kynnt hugmyndir um niðurrif hússins og uppbyggingu á lóðinni en þær hugmyndir hafa ekki náð fram að ganga. Stjórn Faxaflóahafna ákvað á liðnu hausti að biðja með framkvæmdir og uppbyggingu á Miðbakka þar til framkvæmdum við Austurhöfn ljúki og ljóst með hvaða hætti skipulag umferðar um Austurbakka verður. Bent

var á að nú þegar sé mikið álag á þessu svæði vegna byggingarframkvæmda og því rétt að biðja og sjá hvaða áhrif sú uppbygging hefur áður en ráðist er í frekari uppbyggingu á Miðbakka. Fyrr á árinu hafði umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar tekið neikvætt í tillögu lóðarhafa um uppbyggingu á Miðbakka en samkvæmt þeirri tillögu átti byggingamagn að vera 27.760 fermetrar sem ráðið taldi of mikið.

Hugmyndir forráðamanna Berjaya Land Berhad sem er dótturfélag Berjaya Corporation

eru að með kaupum á Geirsgötu 11 gefist félaginu tækifæri til þess að hefja fjárfestingar á sviði fasteignapróunar þar sem augum er sérstaklega beint að hótélstarfsemi en félagið rekur hótél víða í suðausturluta Asíu og einnig í Lundúnum. Aðaleigandi Berjaya Corporation er malasíski milljarðamæringuninn Vincent Tan og gegnir hann stjórnarformennsku í samsteypunni í dag. Vincent Tan er samkvæmt viðskiptatímaritinu Forbes 15. auðugasti Malasíubúinn.

Skrifstofuhúsnæði til leigu

Til leigu 130 fm skrifstofuhúsnæði við Austurströnd 1, Seltjarnarnesi.

Um er að ræða vel staðsett og nýlega innréttað skrifstofuhúsnæði.

Húsnæðið er á 2. hæð. Laust frá 1.4.2019

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 562-0900 / 892-0394 eða á bokhald@hler.is

HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333



Minjastofnun
Íslands



Borgarsögusafn
Reykjavíkur
Reykjavík City Museum



IDAN
fræðslusetur



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á
Facebook

Kjötkompaní

SMÁRÉTTIR

ALLT FYRIR VEISLUNA

FERMINGAR | BRÚÐKAUP | AFMÆLI

... eða af því bara!



Hafnarfjörði & Granda

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Mikil uppbygging í Vesturbæ og Miðborginni

- viðtal við Sigurborgu Ósk Haraldsdóttur, formann skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Sigurborg er ættuð af Kjalarnesi og er skipulagsarkitekt að mennt. Af nógu er að taka enda hafa margvíslegar framkvæmdir verið á vestursvæðum Reykjavíkur að undanfögnu. Sum svæði eru óþekktanleg og má þar nefna Hafnartorgið og raunar Austurhöfnina þar sem risið hefur nútíma borgarhverfi á skömmum tíma. Einnig má nefna Hverfisgötuna sem nánast hefur verið reist úr óskustó, Vatnsmýrina þar sem vísindahverfi hefur risið sunnan Norræna hússins og síðast en ekki síst Örfiriseyna þar sem margvísleg uppbygging hefur átt sér stað – einkum er snýr að verslun og annarri þjónustu. Nýjar atvinnugreinar hafa skotið rótum. Ferðaþjónustan er fremst þeirra og hefur krafist nýrra mannvirkja. Með henni komu einnig fjármunir til framkvæmda. Þessi þróun er ekki á undanhaldi. Hún heldur áfram.

Eftir bolla af kaffi á Kaffitári í Borgartúninu er tekið til við að spjalla um uppbygginguna í Reykjavík. Sigurborg nefnir fyrst Vísindagarðana í Vatnsmýrinni. Segir þar spennandi verkefni á ferðinni. „Ég get líka nefnt Boðagranda þar sem Búseti er að byggja fjölda íbúða. Svo eru verkefni sem verið er að ljúka skipulagsvinnu við. Þar vil ég nefna Héðinsreitinn þar sem unnið er að mjög metnaðarfullu verkefni. Héðinsreiturinn var á sínum tíma hugsaður fyrir hjúkrunarheimili en bygging þess fór aldrei af stað af hálfu ríkisins og þess vegna var ráðist í þá breytingu á skipulaginu sem verið er að ljúka. Þarna verða íbúðir að stærstum hluta. Félagsbústaðir eru með forkaupsrétt að ákveðnum fjölda þeirra eins og víðar sem er hugsað fyrir fólk sem hefur lítið á milli handa og á erfitt með að fóta sig í fasteignakaupum. Einnig er gert ráð fyrir hótélstarfsemi og atvinnuhúsnæði fyrir fleiri þjónustugreinar ekki síst verslun og veitingastarfsemi. Í þessu verkefni er verið að

semja beint við lóðarhafa á grundvelli samningsmarkmiða sem borgin setur sjálf. Það skiptir máli fyrir þróun hennar og raunar allra sveitarfélaga að allir þjóðfélagshópar geti lifað og starfað hlið við hlið. Þetta verkefni er dæmi um veggísi inn í þessa hugmyndafræði.“

Landsspítalinn og uppbygging í Vatnsmýrinni

Sigurborg nefndi uppbyggingu Landsspítala háskólasjúkrahúss þar sem nýr meðferðakjarni er að rísa og fleiri byggingar eru fyrirhugaðar á næstu árum. „Þetta helst allt í hendur. Uppbyggingin á Landspítalalóðinni, á háskólasvæðunum – bæði Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, vísindasvæðið í Vatnsmýrinni og byggingar á Valssvæðinu neðan við Óskjuhlíðina. Svo er samgöngumiðstöð fyrirhuguð þar sem BSI er og nú er í tengslum við þetta unnið að undirbúningi brúar fyrir almenningssamgöngur úr Vatnsmýrinni yfir á Kársnes í Kópavogi. Ég tel að sú samgöngubót getið orði mikil lyftistöng bæði fyrir allt svæðið Reykjavíkurmegin og einnig fyrir Kársnes og vesturhluta Kópavogs.“ En þrengja þessar framkvæmdir ekki að flugvælinum. „Með öllum þessum framkvæmdum þrengir að flugvælinum enda hefur verið stefna Reykjavíkurborgar að sú starfsemi sem þar fer fram verði flutt í fyllingu tímans.“

Verður ráðist í aðgerðir við Hringbraut

Sigurborg segir að þetta séu stóru málin en að mörgu öðru þurfi að hyggja. „Fyrsti áfangi Borgarlínunnar verður af Ártúnshöfða og niður á Hlemm. Síðan er ætlunin að tengja Landsspítalann og háskólana við þessar samgöngur enda eru þetta stærstu vinnustaðirnir í Mið- og Vesturborginni og skapa hátt hlutfall af þeirri umferð sem fer um Miklubrautina. Við viljum léttla mesta umferðarpunganum af Miklubrautinni og Hringbrautinni. Hringbrautin hefur breyst mikið frá því að hún var upphaflega hönnuð. Eins og hún er orðin



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur.

í dag kemur mikill hávaði og loftmengun frá henni. Hún hefur mikil áhrif á Vesturbæinn sem ekki voru séð fyrir þegar hún var teiknuð og lögð – og jafnvel ekki fyrir nokkrum árum. Breytingin hefur orðið svo hröð. Við sjáum af tölum að börn sem eiga heima norðan megin Hringbrautarinnar sækja mun minna tómsundastörf og íþróttir en börn sem búa sunnan megin. Þetta er sláandi og verður ekki komist hjá að bregðast við því. Hringbrautin hefur öll einkenni þess að vera hluti af íbúðahverfi þótt umferðin sé orðin of mikil.“ Sigurborg segist vera bjartsýn vegna Hringbrautarinnar. „Það er farið að vinna að lausnum og komin betri samvinna á milli borgarinnar og Vegagerðarinnar sem hefur forræði á Hringbrautinni sem þjóðvegur í þéttbýli. Það þarf að lækka hraðann og endurnýja öll umferðarljós. Eins þarf að byggja gönguþveranir. Þetta eru allt verkefni eða aðgerðir sem ákveðið hefur verið að ráðast í. Síðan þarf að skipta um ljósastaura vegna þess að staurarnir við götuna eru

ætlaðir til þess að lýsa hraðbraut en ekki íbúðagötu. Hringbrautin er og verður umferðaleið fyrir Seltjarnarnes en ég trúi því að við séum öll eins. Seltirningar séu ekki öðruvísi en annað fólk og kjósi að allir geti búið í öruggu umhverfi.“

Loftslagsmálin og breyttar ferðavenjur eru stærstu málin

Sigurborg víkur að loftslagsmálunum og segir að breyttar ferðavenjur skipta mjög miklu máli. „Vesturbæingar eru ákveðin fyrirmynd í því efni. Lægsta hlutfall einkabíla miðað við íbúa er í Vesturbænum og þar er líka hæsta hlutfall þeirra sem ganga og hjóla. Sjálf nota ég rafmagnsbíl og eldri strákurinn minn er duglegur að nota strætó. Þetta sparar okkur gríðarlega peninga og ég hef fundið fyrir góðum áhrifum á heilsuna að ganga á hverjum degi. Loftslagsmálin og breyttar ferðavenjur eru stærstu málin í skipulags- og samgönguráði. Það er áhugavert að stærri hluti þjóðarinnar er sammála því að

betur þurfi að gera í loftslagsmálunum og eitt stærsta verkefnið á því sviði er að róa öllum árum að því að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Í því fellst meðal annara að þetta byggðina. Framtíðin felst heldur ekki í fleiri bílum. Í því sambandi er merkilegt að söguleg bílahefð á sér ekki djúpar rætur í samfélaginu. Við þurfum ekki að fara langt aftur í tímann til þess að sjá að bílaeign var mjög lítil miðað við íbúafjölda. Miðað við ástandið í loftslagsmálum þá felst framtíðin í öðrum lausnum en fjölgandi einkabílum. Og svo fær fólk fleiri tækifæri til þess að hittast þegar færri eru lokaðir inni í bílum á ferðum sínum.“

Ekki jafn róttæk og Norðmenn

Talist berst að Norðmönnum en boðaðar hafa verið róttækar aðgerðir gegn einkabílum í Osló höfuðborg Noregs. „Við erum ekki alveg jafn róttæk og Norðmenn sem eru farnir að að skoða að leggja mengunargjöld á umferð sem mun hafa bein áhrif á umferðina. Við erum þó líka farin að skoða möguleika til þess að draga úr umferð og takmarka notkun nagladekkja sem augljóslega auka myndun svifryks sem orðið er verulegt vandamál í Reykjavík.“ En hvernig ætlum við að leysa þetta. Hvað getur komið í stað einkabílsins. „Við getum þróað aðra samgöngumála og verðum að forgangsraða. Við verðum að efla almenningssamgöngur og bæta, þannig að þær verði eftirsóknarverðari fararmáti en verið hefur. Við þurfum líka að byggja og bæta göngu- og hjólastíga. Reykjavíkurborg er að leggja meira fé í hjólastíga en ríkið en við verður að stórauka þessa fjárfestingu. Hún er nauðsynleg vegna loftslagsmála og borgar sig til framtíðar.“

Viljum endurheimta Miðbakka sem andrými fyrir borgarbúa

Nýverið kom í ljós að erlendum auðmaður vil festa kaup á lóðinni við Geirsgötu 11 á Miðbakka

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Smábátaútgerðin flutt í Vesturbugt

- hefur átt undir högg að sækja og nýliðun hæg

Á fundi stjórnar Faxaflóahafna á dögunum var hafnarstjóra falið að ræða við fulltrúa smábátaeigenda um aðgerðir til að efla útgerð smábáta frá Reykjavík og Akranesi. Á síðasta ári var aðeins um 500 tonnum landað úr smábátum í Reykjavík en nálægt þúsund tonnum á Akranesi. Viðlega smábáta í útgerð frá Reykjavík verður færð yfir í Vesturbugt og verður hafist handa við nauðsynlegar breytingar næsta haust eða vetur.

Nýlega var gerð könnun á meðal smábátaeigenda um afstöðu þeirra til þess að flytja aðstöðu smábátanna yfir í Vesturbugt. Af 53 bátseigendum sem fengu spurningalista svöruðu aðeins 21 smábátaeigandi í Reykjavík og á Akranesi. Rúmlega 61% svaraði í Reykjavík var jákvætt gagnvart flutningi aðstöðunnar í Vesturbugt. Nú hafa smábátaeigendur aðstöðu í Suðurbugt, Norðurbugt og á Verbúðarbryggju í Reykjavík næst Ægisgarði í Suðurbugt. Fyrirhugað er að færa bryggjuna úr Suðurbugt í Vesturbugt á milli Slíppsins og Sjóminjasafnsins ásamt nauðsynlegum framkvæmdum. Utgerð smábáta hefur átt undir högg að sækja síðustu ár og nýliðun í þessari útgerð orðið sífellt erfiðari. Endurnýjun smábátaútgerðarmanna er hæg og því nauðsynlegt að halda utan um þessa útgerð, þar sem um langa atvinnuhefð og menningu er að ræða



Séð yfir Vesturbugt.

Kraftur í KR

- og annað skemmtilegt á Aflagranda

Kraftur í KR er eitt af því sem unnið er að í félagsstarfinu á Aflagranda 40. Starfið fer fram í sal í KR heimilinu og er fólki ekið á milli staða. Ýmislegt hefur verið gert í gegnum tíðina en krafturinn miðast einkum við létta og holla hreyfingu sem einkum er sniðin að þörfum eldri borgara þótt aðrir geti að sjálfsgöðu verið með. Fastir leiðbeinendur hafa starfað með hópnum en nú er ekki fastur kenari og hefur starfið meira miðast við fjölbreytta hreyfingu. Í því efni má nefna jóga og körfubolta og var fenginn erlendur þjálfari til þess að leiðbeina í körfuboltanum. Nú er krafturinn orðinn svo vinsæll og fjölga hefur þurft í hópnum. Kraftur í KR fer fram á mánudögum á milli kl. 10.30 til 11.15. Þess má geta að rúta fer kl. 10.10 frá Aflagrandu og 10.20 frá Vesturgötu og ekur síðan kraftafólkinu aftur heim frá KR.

Margt annað er í boði á Aflagrandanum og tæpast þarf að taka fram að þangað eru allir velkomnir bæði yngri og eldri. Vinnustofan er opin alla morgna þangað sem margir sækja og fást við eitt og annað. Bókaspjallið er á sínum stað þar sem Hrafn Jökulsson spjallar um bækur. Hrafn hefur annast þennan vinsæla þátt í félagsstarfinu frá því að Guðni Th. Jóhannesson var kjörinn forseti Íslands en hann spjallaði við þátttakendur félagsstarfsemi á sínum tíma. Sumba er dansað á föstudögum kl. 10.30 og nú er einmitt að hefjast



Kraftur í KR. Hér geta allir tekið þátt og eins og sjá má láta sumir setu í hjólastól ekki aftra sér.



Stundum bregður fólk sér á dansgólfið á Aflagrandanum.

nýtt námskeið. Á föstudögum er einnig spilað sívinsælt bingó. Ekki má heldur gleyma foreldramorgnum þangað sem foreldrar koma með litlu krílin sín, hlýða á fróðleik og bera saman bækur sínar. Svo má minna á kaffitímana á daginn.

Þar svigna borð gjarnan undan kræsingum sem seldar eru á góðu "IKEA" verði eins og þær Sigríður Guðný Gísladóttir, Siri forstöðumaður félagsstarfsins og Helga Ösp Jóhannesdóttir verkefnisstjóri kjósa að orða það á skemmtilegan hátt.

Ertu að taka til í ...



... garðinum

... geymslunni



... á vinnustaðnum



... í bílskúrnum



Komdu spilliefnunum og raftækjunum á söfnunarstöðina næst þér ...

... við sjáum um framhaldið!

Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Betri framtíð fyrir fermingar- peninginn



Það sem hljómar eins og ótrúlega góð hugmynd í dag getur orðið vandræðaleg saga í framtíðinni. Þess vegna borgar sig að hugsa sig vel um og láta fermingarpeningana vaxa á Framtíðarreikningi eða í sjóði á meðan.

Ef þú leggur inn 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðarreikning bætum við 6.000 kr. við, enda eiga öll fermingarbörn að fá gjöf. Það sama gerum við ef þú fjárfestir fyrir 30.000 kr eða meira í sjóðum Stefnis. Þannig getur okkar framlag orðið allt að 12.000 kr.

Kynntu þér framtíðarheimili fermingarpeninganna.

Út er komin hjá Skruddu bókin Lífið í lit. Um er að ræða nýstárlega bók þar sem segir frá miklum átökum að tjaldabaki í íslensku viðskiptalífi. Bókin er einnig fjölskyldusaga Helga Magnússonar. Saga af mikilli velgengni afa hans og alnafna í viðskiptum. Í bókinni lýsir Helgi uppveksti sínum á Melunum í Reykjavík á eftirstríðsárunum. Vesturbæjarblaðið birtir kafla úr bókinni.

Virðulegir borgarar, strákapör og misskipting

Foreldrar mínir keyptu hús á Grenimel 20, tilbúið undir tréverk, rétt eftir stríð ásamt gömlum skólabróður pabba úr Verslunarskólanum, Ewald Berendsen og Jóhönnu Baldvinsdóttur, konu hans. Þeir félagar unnu að smíði hússins allar helgar og öll kvöld eins og þá var algengt og drógu svo um hvor fjölskyldan yrði á hvorri hæð. Foreldrar mínir lentu á neðri hæðinni. Í risinu var íbúð sem var leigð út og í kjallaranum bjó svo fjórða fjölskyldan. Í kjallaranum var líka stúlkuherbergi svokallað, en fyrstu árin bjó þar vinnukona sem aðstoðaði móður mína við heimilishaldið. Foreldrar mínir fluttu inn í sína íbúð í árslok 1947 þegar þau giftu sig og þarna á Grenimel 20 fæddist ég hinn 14. janúar 1949.

Hverfið er allt að byggjast upp á þessum árum. Fólkið sem þarna settist að var almennt ágætlega sett og tiltölulega ungt, milli þritugs og fertugs og við götuna bjuggu margir sem voru í viðskiptum, iðnrekendur, kaupmenn, heildsalar og fleiri slíkir. Í næsta húsi við okkur var maður sem hét Sverrir Sigurðsson iðnrekandi í Sjóklæðagerðinni. Hann var mikill listaverkasafnari, en þau hjónin fluttu síðar út á Seltjarnarnes og gáfu bænum listaverkasafn sitt en áður höfðu þau stofnað Listasafn Háskóla Íslands með myndarlegri málverka- og peningagjöf til skólans. Oft komu listmálarar

heim til þeirra í hádeginu eins og Þorvaldur Skúlason og Svavar Guðnason svo einhverjir séu nefndir. Þau hjón voru reyndar sérstakir velgjörðarmenn Þorvaldar og stærsti hluti málverkasafnsins sem kom í hlut Háskólans voru verk eftir hann. Á hæðinni fyrir ofan þau var fólk sem tengdist Þjóðleikhúsinu og iðulega með danska ballettdansara hjá sér sem voru að vinna við leikhúsið. Beint á móti okkur bjó heildsali, Tómas Pétursson. Synir hans, Ragnar Tómasson lögræðingur og Gunnar Tómasson hagfræðingur, eru kunnir menn í samtímanum. Aðeins vestan við okkur bjó Gunnar Eggertsson, sonur Eggerts Kristjánssonar heildsala. Aron Guðbrandsson í Kauphöllinni var vestar. Oddur Jónsson, forstjóri Mjólkurfélags Reykjavíkur, var þarna líka á næsta leiti, svo nokkrir séu nefndir. Oddur er móðurafi Árna Odds Þórðarsonar, forstjóra Marels, sem kemur hér síðar við sögu, en Marta móðir hans ólst upp á Grenimel.

Sundkappa hjargað frá drukknum

Í kjallaranum bjó ágæt kona sem hafði keypt þá íbúð af pabba. Hún hét Ásta Jónsdóttir og var skrifstofukona hjá O. Johnson & Kaaber. Með henni bjó sonur hennar, Logi Jónsson. Svo vildi til að Ásta var vinkona Ingibjargar, systur pabba. Síðan líða árin og einn af vinum mínum sem ég



Helgi Magnússon á bernskuárum sínum heima á Grenimel 20.

kynnist í Verslunarskólanum er Magnús Hreggviðsson. Þá kemur á daginn að Logi sonur Ástu er sonur Jóns Magnússonar sem var móðurbróðir Magnúsar. Logi er ári eldri en ég, mikill öndvegismaður, hámenntaður lífræðingur og hefur kennt við Háskólann. Einhvern tímann kenndi hann konunni minni þegar hún lærði hjúkrunarfræði. Logi var mikið hraustmenni. Ef kalt var í veðri voru krakkar eðlilega sendir dúðaðir út en Loga nægði að vera á einni skyrtu. Þegar ég fór að hitta hann síðar í boðum hjá Magnúsi Hreggviðssyni, frænda hans, þá rifjaði hann upp sögu sem ég var búinn að gleyma. Hún var á þá leið að þegar við vorum þarna sem krakkar var mikið byggt í nágrenninu, til dæmis

voru framkvæmdir að hefjast við Bændahöllina – Hótel Sögu. Gríðarstór grunnur hafði verið grafinn að höllinni og ekkert varinn, eins og skylt er núna. Um tíma fylltist grunnurinn af vatni. Krakkar úr nágrenninu fóru að smíða sér pramma til að sigla á þessari tjörn og auðvitað vorum við með okkar pramma þarna nokkrir strákar af Grenimelnum. Logi minntist þess að ég hefði þarna eitt sinn bjargað lífi hans. Þá hefði hann hvolft prammanum úti á tjörninni og einhverjir voru á þurru landi, þar á meðal ég, sem drösluðu honum „á land“. Ég mundi nú ekkert eftir þessu en það skemmtilega er að Logi átti eftir að verða einn af okkur fremstu keppnismönnum í sundi um tíma.




Helgi Magnússon

„Skafarinn er á Reynimel“

Virðulegir borgarar, strákapör og misskiptingMelarnir voru alveg nýtt hverfi á þessum árum. Allar götur ómalbikaðar og því oft drullusvað. Malbikið tók ekki við fyrr en komið var upp á Hringbraut og því reyndist fólki oft nauðsynlegt að hafa klút í vasanum til að þurrka óhreinindin af skónum þegar komið var á malbikið, en á þeim árum lögðu bæjarbúar sig mjög fram um að vera snyrtilegir til fara.

Foreldrar mínir fóru allra sinna ferða fótgangandi, en fljótlega eignuðust þau lítinn Fiat. Þrátt fyrir það gekk faðir minn áfram í vinnuna niður í Hafnarstræti, þar sem hann starfaði sem framkvæmdastjóri í fyrirtæki föður síns. Honum þótti þetta hressandi ganga. Ég sé hann ljóslifandi fyrir mér í jakkaötum með vesti, hatt á höfði og í skóhlífum á leið til og frá vinnu. Í vestisvasanum geymdi hann vasaúr sem fest var við langa gullkeðju. Þessi lýsing gæti allt eins átt við um Helga afa minn, eins og ég man hann, en þeir feðgar voru um margt líkir og mjög samrýmdir. Svona virðulegir menn eru sjaldséðir nú á dögum. Hann kom alltaf heim í mat klukkan tólf og var mættur aftur til vinnu upp úr hádeginu. Þennan hátt höfðu landsmenn á, hvar í sveit sem þeir voru settir og þess vegna voru hádegisfréttir Útvarpsins sagðar kl. 12:20 til þess að tryggt væri að allir væru komnir til síns heima þegar þær hófust.

Það var ógleymanlegt að alast



Foreldrar Helga Magnússonar Magnús Helgason og Katrín Sigurðardóttir.

OPNUNAR-TÍMAR:

Virka daga
09.00-19.00

Laugardaga
10.00-16.00

Sunnudaga
12.00-16.00

Sjálfstætt
starfandi apótek
sem býður
persónulega
þjónustu og
hagstæð verð á
lyfjum og öðrum
heilsutengdum
vörum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki

ÍSLANDS

LAUGAVEGI 46

APÓTEK

S: 414 4646



Viggó bróðir pabba og ég fyrir utan Grenimel 20.

upp á Melunum og sérstaklega er ríkt í minningunni þegar „skafarinn“ mætti, sem núna er kallaður veghefill. Kannski kom einhver krakki hlaupandi og kallaði: „Skafarinn er á Reynimel“ Þá þusti öll hersingin þangað og stundum fór allur morgunninn í að elta skafarann. Síðan kom kannski „sprautubíllinn“ til að binda rykið og ekki varð þá minni fögnuður hjá börnunum og öll strollan fylgdi á eftir bílnum. Það urðu því mikil

viðbrigði þegar Melarnir voru malbikaðir á ofanverðum sjötta áratugnum en sú vinna tók óhemju langan tíma. Þarna voru flokkar manna á sumrin að raða hellum og rennusteinum og krakkaskarinn hékk yfir þeim. Hverfið lyftist allt upp þegar búið var að malbika, þetta varð algjör bylting. En þá tók sóparinn við og skemmti börnunum. Hús foreldra minna, Grenimelur 20, er fyrir miðri götu á milli



Úr afmæli mínu á Grenimel 20 en ég sný baki í myndavélina.

Hofsvallagötu og Furumels. Þegar komið var vestur fyrir Hofsvallagötu mátti finna braggahverfið Camp Knox sem teygði sig yfir svæðið sem núna er vestasti hlutinn af Grenimel, Reynimel og Hagamel. Þetta var eitt stærsta braggahverfi bæjarins en fór að minnka þegar ég var um 10 ára aldurinn og þá kom Melabúðin, alveg í kantinum á braggabyggðinni. Margir bjuggu líka í stórum íbúðabragga við Hjarðarhaga á þessum tíma. Mikið hefur verið fjallað um braggahverfin í fræðibókum og skáldverkum, en allir sem lifðu þessa tíma muna hvers konar ófremdarástand var í húsnæðismálum í bænum þegar fólkið streymdi í þúsundavis á mölina. Í braggahverfin safnaðist saman fólk sem margt átti í basli. Innan um voru auðvitað vandræðagrey, en mestmegnis var þetta fólk sem bjó við lítil efni og átti einskis annars úrkosta til að koma þaki yfir höfuðið. Þjóðfélagið stimplaði því miður þetta fólk og setti það skör lægra en samborgarana. Við

krakkarnir vorum hræddir við krakkana úr braggahverfinu og ekki hvarflaði að manni að fara inn á þeirra yfirráðasvæði. Það lék sér enginn að því. Margir þessara krakka voru samtíða mér í Melaskóla og Hagaskóla. Þau nutu ekki sanngirni í skólanum og voru hálfpartinn dæmd til útskúfunar, til dæmis í hina svonefndu tossabekki. Þeir fengu því ekki sömu tækifæri og aðrir krakkar. Það sviður að hugsa til baka og minnst þessara samferðamanna sem var frá byrjun skákað út af borðinu ef svo má að orði komast. Maður áttaði sig ekki á hver meðferðin var á þessum krökkum og skildi ekki hvað líf þeirra var erfitt fyrr en löngu síðar þegar fólk fór að tjá sig um æskuárin í bröggunum í sjálfsævisögum og endurminningaritum. Milli barnanna á Melunum og Camparanna voru stundum háðar orrustur yfir Hofsvallagötuna og fleiri hverfi og hverfa hlutar áttust við í bardögum. Strákar smíðuðu sér sverð og skildi fyrir þessar viður eignir. Friðrik Þór Friðriksson

gerði þessum liðsafnaði ungra drengja og unglinga skil með eftirminnilegum hætti í kvikmynd sinni Bíódagar. Mæður reyndu mikið að fá syni sína ofan af þessu, því stundum urðu talsverð átök. Einhvern tímann varð mikill liðsafnaður á Melunum þar sem þeir Baldvin Berndsen, Sigurður Stefánsson og Óli Kr. Sigurðsson, sem síðar varð Óli í Olís, höfðu forystu. Þessir þrír voru fremstir í flokki, svo yngdist fylkingin eftir því sem aftar dró og við þeir yngstu alveg aftast og fljótastir að forða okkur ef illa gekk. Ég rifjaði upp þessi átök með Sigurði Helgasyni yngri, síðar forstjóra Flugleiða og stjórnarformanni Ícelandair, fyrir nokkrum árum, en hann bjó á Hagamelnum. Sigurður er nokkrum árum eldri en ég, en kvaðst hafa haldið sig engu að síður aftarlega í fylkingunni með okkur yngri strákunum. – Sigurður alltaf varkár eins og fram kom í verkum hans síðar á ævinni. En vettvangur átaka var ekki eingöngu yfir Hofsvallagötuna því það var einnig barist á milli gatna á Melunum. Hagamelur átti sína foringja sem oft sóttu fylktu liði inn á yfirráðasvæði okkar á Grenimel og fóru ránshendi um lendur okkar og eigur. Slíku var að sjálfsögðu svarað eins fljótt og auðið var – ekkert gefið eftir á báða bóga. Það var í raun merkilegt frjálsræðið sem börn höfðu til leikja á þessum tímum og léku í raun lausum hala í hverfinu og langt út fyrir það heilu og hálfu dagana án þess að foreldrarnir væru með nefið ofan í þeirra lífi. Kaffi- og matmálstímar voru jafnframt hluti af daglegri tilkynningarskyldu barna en ef úr féll eitt og eitt skipti þar sem maður skilaði sér ekki heim á þessum tímum þá var lítið framhjá því – um síðir náðu allir til síns heima.

Krydd fyrir VEGAN matreiðslu

Fiesta de Mexico hentar frábærlega á allt grænmeti.

Arabískar nætur er sjö kryddablandan ættuð frá Líbanon. Líbanir nota það mest í grænmetisrétti.

Reykt paprika bitur aðeins en er góð í marga grænmetisrétti.

Eðalsteik og grillblandan er góð fyrir tofusteikina.

Fiskikrydd er frábært í grænmetissúpur og grænmetisrétti.

Lamb Islandia og Kalkúnakryddið er frábært á alla kartöflurétti og á kjúklingabauna rétti.

Benda skal á að öll stök krydd henta í VEGAN matreiðslu s.s. origano, basilikum, steinselja og fleiri. Töfrakryddið, Krydd lífsins, Franska kartöflukryddið og Ítalskt panini henta ekki í VEGAN matreiðslu því þau innihalda ostaduft.

Kryddin frá okkur eru ómissandi í eldhúsið hjá ykkur

Kom aldrei til greina að fara úr Vesturbænum

- segir Kristjana Helgadóttir sem spjallar við Vesturbæjarblaðið

Laugardagsmorgun í Kringlunni. Klukkan að ganga ellefu. Búið að opna verslanir og fastagestur að setjast á Kaffi Tár undir stiganum upp á aðra hæðina. Kristjana er snemma á ferð þennan morgun. Hafði náð sér í innkaupagrind sem hún notar oft til þess að styðja sig við. “Ég var gígtsjúkdómi að bráð fyrir nokkru sem er ættarfylgja og þurfti að fá gerviliði í báðar mjaðmir. Við það raskaðist göngulagið nokkuð þótt ég hafi annars náð mér að verulegu leyti. Já – ég kem oft í Kringluna. Bæði til þess að rölja um því ég má ekki sitja of lengi í einu og svo hittir maður oft annað fólk. Þegar maður býr einn er nauðsynlegt að hitta aðra,” segir Kristjana Helgadóttir sem spjallar við Vesturbæjarblaðið. Hún er Vesturbæingur. Reyndar fædd á Ísafirði og vestfirskar ættar en hefur tilheyrt Vesturbænum frá fjögurra ára aldri.”

“Ég er svona næstum því Vesturbæingur vegna þess að ég er ekki innfædd. Ég var fjögurra ára þegar fjölskyldan flutti suður. Faðir minn byggði húsið við Ránargötu 2. Hann átti allt húsið og við fluttumst bara á milli hæða. Þeir voru þrír bræðurnir og byggðu sitt hvort húsið hvor. Garðastræti 6, Ránargötu 2 og Ránargötu 4. Þeir voru fæddir í Öndarfirði en þegar afi minn druknaði gat amma ekki hugsað sér að búa lengur þar og hún gekk yfir heiðina og settist að á Ísafirði þar sem hún stundaði verkamannavinnu upp frá því. Þrátt fyrir þetta komust allir synir hennar á legg. Menntuðust og komu sér síðar fyrir í Reykjavík. Einn þeirra varð forstjóri, byggingameistari og faðir minn var bakari. Hann stundað þá iðn fyrir vestan en féll frá 1955. Reykjavíkúrarín urði því ekki mörg. Þá stóð móðir mín ein uppi með okkur systurnar mig og systur mína, sem er fjórum árum yngri. Mamma var hagsýn og lifði eftir því að ef þyrfti að taka lán og skulda mætti það aldrei verða meira en hægt væri



Ránargata 2. Faðir Kristjónu byggði þetta hús eftir að fjölskyldan flutti frá Ísafirði og þar bjó hún framan af ævi sinni.

að standa undir. Eftir þessu hef ég farið alla tíð síðan.”

Barnmargar fjölskyldur fyrir ofan Garðastræti

Ránargata og Garðastræti voru með öðrum hætti en nú. “Það hefur ýmislegt breyst. Þó var alltaf talsverð umferð þarna. Það var bílapan þar sem húsið við Vesturgötu 7 stendur núna. Við lékum okkur mikið þar krakkarnir. Það var talað um efra plan og neðra plan. Efra planið var skáhallt á mótis við Ránargötuna en inn á það neðra var farið frá Vesturgötu. Þegar ég var að alast upp voru mörg börn í húsunum við Garðastræti, Vesturgötu og Ránargötu. Þarna bjuggu barnmargar fjölskyldur. Það voru allt upp í tíu börn á sumum heimilum. Við mamma bjuggum alltaf saman þar til síðasta árið sem hún lifði þá var hún á Grund. Við vorum í rúm 30 ár á Ránargötunni en fluttum þá vestur á Fornhaga. Þá var búið að selja hluta af húsinu og mamma gat ekki hugsað sér að vera þar þegar íbúðir í kringum hana fóru að ganga kaupum og sölum.”

Kom aldrei til greina að fara úr Vesturbænum

Voru ekki viðbrigði að koma

á Fornhaga. “Það var öðruvísi. Þar var ekki eins mikil umferð enda fjær miðborginni. Að vera á Ránargötunni hafði ýmsa kosti. Stutt var yfir á Lækjartorg þar sem Strætó stoppaði og meira hagræði var af að vera svo nálægt miðborginni. En það var gott að vera á Fornhaganum. Þetta var líka Vesturbær þótt hann lægi fjær miðjunni. Okkur leið vel þarna. Við fórum mikið í göngutúra. Við þurftum báðar á því að halda að hreyfa okkur einkum mamma sem var orðin léleg undir það síðasta. Það koma aldrei til greina að fara úr Vesturbænum. Þarna vorum við mæðgur allt þar til að mamma fell frá utan að hún var smá tíma á Grund. Þá fór ég að hugsa mér til hreyfings. Vildi ekki vera ein í íbúðinni og endaði þá á Aflagrandi 40. Það voru svolítið viðbrigði að fara úr 115 fermetra íbúð í 69 fermetra en það er alveg nóg fyrir mig eina. Ég er á tíundu hæð og er því með feikilega gott útsýni. Sé alveg út á Snæfellsnes þegar bjart er. Það liggur við að ég sjái til Vestfjarða.”

Hef gaman af að hitta barnabörn systur minnar

Kristjana vann lengi á Álafossi. Frá 1971 til 1992 og eftir það í þvottahúsinu á Hrafnistu alveg þar til ég varð að hætta út af mjaðmaaðgerðunum. Maður verður að sætta sig við orðin hlut. Ég eignaðist engin börn en systir mín á þrjú börn og fimm barnabörn. Ég þarf því ekkert að kvarta yfir að hafa ekki lítill kríli í kringum mig. Ég hef gaman af að hitta þau og fara með þau í kaffi. Gera eitthvað skemmtilegt með þeim. Já – og svo fer ég mikið í Kringluna. Labba um og hitti fólk. Ég keyri enn þá og það er þægilegt að geta keyrt út úr bílakjallaranum á Aflagrandanum án þess að þurfa að fara út.



Ég er fædd á Ísafirði en lít alltaf á mig sem Vesturbæing segir Kristjana Helgadóttir.

Einkum þegar veður er ekki gott að ég tali nú ekki um þegar hálta er eins og núna. Ég er með bláa krotið og get því lagt í stæði fyrir fatlaða. Það er svona eftir því hvernig skrokkurinn er. Stundum er dagamunur á því hvort ég notfæri mér þann möguleika. En hann er fyrir hendi. Svo hef ég ýmislegt að dunda við. Ég lærði snemma að prjóna. Ég gerði mikið að því að prjóna bæði sokka og vettlinga og búa til hluti. Notaði oft afganga við prjónaskapinn. Svo notuðum við þetta til gjafa – einkum jólagjafa svona með öðru sem var þá keypt. Ég hef líka gaman af að spila og nýti mér það í félagsstarfinu á Aflagrandanum auk þess að hlusta á fyrirlestra og taka þátt í örðu sem er í boði. Svo er fyrirtaks matur þar í hádeginu. Þá þarf maður minna að elda.”

Kringlan er mín önnur félagsmiðstöð

Kristjana hefur gaman af að ferðast. “Ég fór mikið vestur sem barn og unglingur. Ég var þar á sumrin og eftir að ég byrjaði í skóla fór ég vestur strax og skólinn var búinn. Ég svaf oft í herbergi með afa mínum á meðan hans naut við. Mömmu fannst sjálfsagt að við systurnar fengjum að ferðast og eftir að ég var kominn á fullorðins ár. Ferðaðist ég talsvert bæði innanlands og utan. Ég fór í ferðir með Eflingu meðal annars og tvisvar fór ég í svonefndar aðventuferðir. Aðra til Kaupmannahafnar en hina til Brussel. Ég get alveg ferðast enn. Ég keypti mér tvær hækjur eftir mjaðmaaðgerðirnar. Kalla þær viðhaldið mitt og mér finnst ég vel ferðafær. Ég varð að vísu að finna mér nýja aðferð til þess að setjast upp í bílinn. Ég sest fyrst og set fætuna inn á eftir. Þá gengur mér betur.” En nú liður að hádegi og mál að halda heim á leið,” segir Kristjana. “Kringlan er mín önnur félagsmiðstöð.”

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

HRADÍ



Kerrurnar frábæru frá Humbaaur eru til á lager!



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar
Ýmsar stærðir og gerðir.



Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Öskupokar í Landakotsskóla

Öskupokasiðnum er haldið við í Landakotsskóla og að venju bjuggu nemendur skólana til öskupoka fyrir nýlega liðinn öksudag. Öskupokarnir eru afar skrautlegir eins og sjá má á myndum og tilbúnir til síns brúks.

Öskupokasiðurinn er alíslenskur og næstum því 400 ára gamall. Hann tengist hvorki kaþólskri trú eða er hingað kominn frá Norðurlöndunum eins og aðrir siðir sem tengjast þessum degi. Því miður virðist þessi gamli siður á undanhaldi en eins og nemendur í 2. bekk í Landakotsskóla geta allir búið til nokkra öskupoka og síðan reynt að læðast aftan að börnum og fullorðnum á öskudaginn til að hengja pokana aftan á þá eins og Íslendingar hafa gert í fjögur hundruð ár.



Krakkar í Landakotsskóla með öskupokana sína.

Allir fengu bók að gjöf

Allir nemendur í 1. bekk Melaskóla fengu bók að gjöf frá IBBY, sem eru frjáls félagasamtök áhugamanna um barnabókmenntir. Bókin heitir „Nesti og nýir skór“.

Bókaöfjinn tengdist lestrarátaki Ævars sem fram fór í skólanum. Lestrarátaki Ævars í Melaskóla er lokið. Í bókasafni skólans voru 269 lestrarmiðar barna og 12 lestrarmiðar foreldra.



Ánægðir nemendur með bækurnar sínar.

Nýtt hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi

Spennandi störf í boði

Hjúkrunarfræðingar – Sjúkraliðar – Starfsfólk við aðhlynningu – løjupjálfar

Leitað er eftir áhugasömu fólki til starfa á nýja 40 rýma hjúkrunarheimilinu að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.

Í boði er dagvinna- kvöld- helgar- og næturvaktir.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Kristín Sigurpórsdóttir mannauðsstjóri: sími 560-4107.

Sótt er um á heimasíðu www//sunnuhlid.is merkt Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.



Hjúkrunarheimilið Seltjarnarnesi, Safnatröð 1, 170 Seltjarnarnes

Lífræn verslun og kaffihús í 101

Allt úr besta hráefninu



Viridian
- framúrskarandi
vítamín
og bætiefni



Kristalsvatnsflöskur & kristallar



**VINSÆLI
JÓGA**

SAMFESTIGURINN



**BLÁR DRYKKUR Á
BOÐFNABARNUM GEGN BLÚS**



FLOTHETTAN



Möntrubönd í úrvali



Þar sem andinn býr í efni



SLÖKUN Í BORG
Hugleiðsla á mið kl. 9.15 m/ Ernu Bergmann.
Ókeypis fyrir alla.



Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

**Einstakt úrval af
afskornum blómum
fyrir öll tækifæri**



BLÓMAGALLERÍ

Hagamel 67 - S: 552 6070

Opið: Mánud. – föstud. kl. 9 - 19

Laugard. og sunnud. kl. 10 - 19

Verður að koma á öruggri göngutengingu

- segir Sigríður Ragna Sigurðardóttir,
formaður Félags sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi



Fá fundi Félags sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi.

Opinn fundur var í Hagaskóla 24. janúar sl. um umferðarmál sem Félag sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi stóð fyrir. Framsögumaður var Ólafur Kr. Guðmundsson umferðarsérfræðingur en hann fór yfir hvernig bæta megi umferðaröryggi í hverfinu. Á fundinn mættu fulltrúar allra flokka í borgarstjórn sem sátu í pallborði. Að sögn Sigríðar Rögnu Sigurðardóttur, formanns Félags sjálfstæðismanna í Nes- og Melahverfi kom fram í máli fundargesta að lengi hafi verið kallað eftir aðgerðum til að bæta umferðaröryggi í hverfinu og þá sérstaklega við Hringbrautina.

„Það verður að koma á öruggri göngutengingu yfir Hringbrautina og aðkallandi að farið verði í

aðgerðir sem allra fyrst. Auk þess að merkja betur gangbrautir og bæta lýsingu þarf annað hvort að setja brú yfir götuna eða undirgöng undir hana. Umferðarþunginn er mikill nú þegar á Hringbrautinni og á eftir að stórukast á allra næstu árum þegar Héðinsreiturinn, Bykoreiturinn og Landhelgisgæslureiturinn verða fullbyggðir. Það er því orðið löngu tímabært að umferðaröryggismálin við Hringbrautina verði sett í forgang“ sagði Sigríður Ragna. Að lokum ítrekar Sigríður Ragna að íbúum sé orðið heitt í hamsi, við hlustum á endalaust tal um þéttingu byggðar, þrengingar á götum og eyðslu fjármagns í óþarfa hluti. Okkur finnst þetta komið gott og viljum láta raddir okkar heyrast.”

MotorMax Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímappantánir!

Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

**Við smyrjum bílinn þinn með
hágæða **MOTUL** olíum.**



rafmagnshjól

QWIC

...margverðlaunuð hollensk rafmagnshjól
rafmagnshjól.is // Fiskislóð 45 // S. 534 6600

Reykjavík
RÖST
Coffee house & bar
Við gömlu höfnina
reykjavikrost.is

GÓÐ HUGMYND

Sjónauki við Eiðsgranda
Hugmynd send inn 2017

HUGMYNDASÖFNUNIN ER HAFIN

Ertu með góða hugmynd um hvernig **Vesturbær** getur orðið snjallari, skemmtilegri, vistvænni eða betri?

Öllum er frjálst að senda inn hugmynd á **hverfidmitt.is**.

Sendu inn þína hugmynd fyrir 9. apríl.

hverfidmitt.is 20. mars - 9. apríl

Hugmynda-
SÖFNUN





Glæsibær - Álheimar 74
S. 544 4088 - www.ynja.is

Mótmæla að skólasystir verði send úr landi

Nemendur í Hagaskóla í Vesturbæ Reykjavíkur safna undirskriftum gegn því að 14 ára skólasystir þeirra frá Afganistan, Zainab Safari, verði send úr landi ásamt móður sinni og yngri bróður. Undirskriftirnar ætla þau að afhenda Útlendingastofnun.

Birna Júlía Þorsteinsdóttir, nemandi við Hagaskóla, sagði í viðtali í Morgunútvarpinu á Rás 2 á mánudagsmorgun að fulltrúar, nemenda, réttindaráð og nemendaráð hafi í síðustu viku hlustað á Zainab segja sögu sína af því hvernig hún endaði á Íslandi. Öllum hafi fundist þetta mjög átakanleg saga og sumir meira og minna grátandi. Því hafi nemendum fundist að gera yrði eitthvað í málinu en ekki bara sitja hjá og horfa á þetta gerast.



Hagaskóli séður úr lofti.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Úthlutun styrkja í félagsstarf á vegum félagsmiðstöðva Velferðarsviðs í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum

Heiti potturinn

Heiti potturinn er sjóður sem styrkir opið félagsstarf í félagsmiðstöðvum og samfélagshúsum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Félagsstarf í félagsmiðstöðvum/ samfélagshúsum Velferðarsviðs er vettvangur samskipta og skapandi athafna til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Einstaklingar og hópar geta sótt um styrki vegna verkefna í opnu félagsstarfi s.s. vegna námskeiða, ferðalaga, íþróttaiðkunar, fræðslu og skemmtana. Leitast skal við að veita styrki til verkefna sem eru opin öllum þátttakendum í félagstarfi og falla að hlutverki félagsmiðstöðva/samfélagshúsa eða teljast á annan hátt vera í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsroðun í félagsstarfi.

Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar eru í gangi.

Markmið:

- Að auka þátttöku og virkni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að efla fræðslu og miðlun upplýsinga í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að rækta félagsauð og auka fjölbreyti í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.

Reglur:

- Umsækjendur séu eldri en 18 ára.
- Verkefnið verði framkvæmt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.
- Úthlutað verður að hámarki 500.000 kr.
- Sjálfstæðir hópar, félög eða einstaklingar geta fengið styrk úr sjóðnum.
- Við upphaf verkefnis skrifar styrkþegi undir samning um framkvæmd verkefnisins.
- Í lok verkefnis skulu styrkþegar gera grein fyrir ráðstöfun styrksins með lokaskýrslu.
- Styrkurinn er skattskyldur.

Umsókn skal senda inn á netfangið: **hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is**

Nánari upplýsingar veitir Hörður Heiðar Guðbjörnsson í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sími – 411-1600

Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2019.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999  S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

RECARO

Barnabílstólar í úrvali





SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Fjórir í röð eftir sigur á Breiðablik í DHL-Höllinni

- mæta Keflavík í 8 liða úrslitum

KR-ingar sigruðu Breiðablik auðveldlega í DHL-Höllinni í síðustu umferð Dominosdeild karla 103-68, Julian Boyd var stigahæstur með 21 stig.

KR-ingar sigruðu Breiðablik og var það fjórði sigurinn í röð, sem er gott veganesti fyrir liðið inni úrslitakeppnina. KR-ingar tóku forystuna og höfðu tögl og haldir allan leikinn, allir leikmenn liðsins náðu að skora og lokatölur 103-68.

Jón Arnór náði að spila leikinn og lék 16 mínútur sem er fagnaðarefni en hann hefur verið meiddur síðan kveðjuleiknum gegn Portúgal.

Frítt var á leikinn í boði Alvogen. Leikmenn yngri flokka mynduðu stóran ramma fyrir KR-liðið í kynningunni og tóku svo þátt í peppi KR-inga.

KR-ingar enduðu í fimmta sæti deildarinni, tveimur sigrum frá topp sætinu og er klárt að Keflavík verða keppinautar liðsins í 8-liða úrslitum Dominosdeildarinnar. Fyrsti leikur verður á föstudag 22. mars.

Í 8-liða úrslitin líkt og framhald keppinnar er fyrra liðið til að vinna þrjá leiki og því gæti þurft að leika fimm leiki.

Leikur 1 - 22. mars Keflavík-KR kl. 20:00.

Leikur 2 - 25. mars KR-Keflavík kl. 19:15.

Leikur 3 - 28. mars Keflavík-KR kl. 19:15.

Leikur 4 - 30. mars KR-Keflavík.

Leikur 5 - 1. apríl Keflavík-KR.



Frítt var á leikinn gegn Breiðabliki í boði Alvogen. Leikmenn yngri flokka mynduðu stóran ramma fyrir KR-liðið í kynningunni og tóku svo þátt í peppi KR-inga.



www.kr.is



Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr **DURAFast 300+** efni, sem er sérlega klórþolið og lithelt.

Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



MYNDATÖKUR
við öll tækifæri

Ljósmyndastofan
Eiðistorgi

Tímabantanir
552-0624
milli kl. 13-17

Áralöng reynsla
Erling



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER

**KR ER
107**

TIL HAMINGJU VESTURBÆINGAR

Öll heimili í Vesturbæ Reykjavíkur eiga
nú kost á Eitt gíg netsambandi.

Vilt þú fría heimsendingu á gríðarlega góðu interneti?
Þú byrjar á að panta gæðasamband Ljósleiðarans.
Við höfum samband og finnum hentugan tíma fyrir
uppsetningu. Mætum svo stundvíslega heim til þín
og setjum upp ljósleiðarabox. Tengjum svo við boxið
netbeini, myndlykil og heimasíma. Og að lokum komum
við öllum þráðlausum tækjum heimilis í netsamband.

Allt þetta í einni heimsókn, og allt tengt.

EITT GÍG
LJÓSLEIÐARINN

Ljósleiðarinn býður 1000 megabita
gæðasamband sem er með sama
hraða í báðar áttir.

Söluaðilar Ljósleiðarans:

Hringdu

Hringiðan

vodafone

Stærsti
skemmtistaður
í heiminum
NOVA



LJÓSLEIÐARINN
— Gæðasamband